

# Umsögn

24. mars 2023

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis, nefndasvið  
150 Reykjavík



## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur

Þann 17. mars barst Landgræðslunni rafpóstur frá atvinnuveganefnd Alþingis. Meðfylgjandi var tillaga til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur, 71. mál. Óskað var umsagnar Landgræðslunnar og til þess veittur frestur til 31. mars.

Landgræðslan starfar á grundvelli laga nr. 155/2018 en markmið þeirra laga er skv. 1. gr. að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur ber að vinna að því að nýting taki mið af ástandi lands, stöðva eyðingu og komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka kolefnisbindingu, byggja upp, endurheimta og auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart áföllum og náttúruvá o.fl.

Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á ofangreindum lögum, einkum ákvæðum er lúta að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu er lagt til að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis. Þannig yrðu skapaðir grænir hvata fyrir bændur til að auka uppgræðslu og draga úr kjötframleiðslu og annarri framleiðslu dýraafurða. Tillagan gerir ráð fyrir að fulltrúar starfshópsins hafi breiðan bakgrunn og yrði t.a.m. einn slíkur frá Landgræðslunni.

Áður en lengra er haldið leggur Landgræðslan til að bætt verði við þá upptalningu sem starfshópur um bætt tækifæri bænda skal skoða. Jafnvel þó að ljóst sé að ekki sé um endanlega upptalningu að ræða, sbr. skammstöfunin *m.a.* þá leggur Landgræðslan til að bætt verði við þá upptalningu *endurheimt vistkerfa*. Fyrsti málsliður, fyrstu málsgreinar þingsályktunartillögunnar myndi þannig orðast svo:

*„Aþingi ályktar að fela matvælaráðherra að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis- og þurrlendisvistkerfa.“*

Efnislega er Landgræðslan annars sammála því sem fram kemur í fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar. Það er nauðsynlegt að snúið verði af þeirri braut að ríkisstuðningur við landbúnað á Íslandi sé meira og minna framleiðslutengdur, fyrir þessu hefur Landgræðslan lengi talað. Það að skapa raunverulegan farveg til þessa, með því að bjóða bændum upp á þann valkost að stunda umhverfisvænni landbúnað með tilkomu grænna hvata, er gríðarlega mikilvægt, ekki bara fyrir umhverfið og skuldbindingar Íslands því tengdu - heldur einnig fyrir bændurna sjálfa og byggðamál í landinu.

Í fyrirbyggjandi tillögu eru þeir bændur er nýta myndu þessa grænu hvata kallaðir vistbændur. Útfærsla á verkefnum vistbónda er ekki mikið mótuð og yrði slíkt væntanlega á könnu þess starfshóps sem gert er ráð fyrir að skipa. Mikilvægt er að vel takist til við þá útfærslu þannig að bændur, sem slíkt kjósa, geti unnið að þeim tækifærum sem víða eru til staðar í endurheimt vistkerfa um leið og minni áhersla er lögð á hefðbundinn, framleiðslutengdan, landbúnað.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur, 71. mál, en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingafyllst

f.h. Landgræðslunnar

  
Birkir Snær Fannarsson

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

sent með tölvupósti á: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 31. mars 2023

### Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um um græna hvata fyrir bændur, 71. mál

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér þingsályktun ásamt greinargerð sem liggur fyrir og styður hana enda er í hún í samræmi við fyrri tillögur samtakanna t.d. varðandi aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Framfarir í þessum málalfokkum undanfarin ára hafa ekki verið í samræmi við væntingar og því mikilvægt að fara yfir og bæta styrkja- og hvatakerfið.

Landvernd vill nota tækifærið og benda á að kjötneysla á Íslandi er nú allt of mikil eigi umhverfis- og lýðheilsuáhrif að nást<sup>1</sup>. Þá taka samtökin undir mikilvægi endurheimtar votlendis, illa farins mólendis og skógræktar sem fram koma í greinargerð. Samtökin vilja þó árétta að fara verður varlega í skógrækt með erlendum tegundum sem geta orðið ágengar og mikilvægt að stjórnvöld meti hvort ekki sé ástæða til að gæta sérstakrar varúðar við notkun stafafuru og stikagrenis í skógrækt eins og Landvernd hefur kallað eftir.

Stjórn Landverndar þakkar flutningsmönnum fyrir að leggja fram þessa þingsályktun og vonar að hún fái afgreiðslu á þessu þingi.

*Með vinsemd og virðingu  
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

<sup>1</sup> [Food in the Anthropocene: the EAT–Lancet Commission on healthy diets from sustainable food systems \(thelancet.com\)](https://www.thelancet.com)

[Hvadbordaislendingar vefur lok uppf rt nov22.pdf \(ctfassets.net\)](#)

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Selfossi, 27. mars 2023  
Tilvísun: 2303574

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar - 71. mál.

Við er til erindis dags. 17. mars sl. vegna þingályktunar um græna hvata fyrir bændur. Samkvæmt ályktuninni er ráðgert að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis. Það verði gert með því að skapa græna hvata fyrir bændur til að auka uppgræðslu og draga úr kjötframleiðslu og annarri framleiðslu dýraafurða.

Lagt er til að starfshópurinn verði skipaður fulltrúum bænda, Landgræðslunnar, Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Þá er jafnframt gengið út frá að Matvælastofnun verði falið að annast eftirlit með framkvæmd svo tryggt verði að fjármagn sem varið verði til aðgerðanna nýtist á sem bestan hátt.

Matvælastofnun hefur ekki athugasemdir við meginefni ályktunarinnar, en bendir á að Matvælastofnun getur ekki vart talist heppilegur aðili til að annast eftirlit með skógrækt eða endurheimt votlendis. Í gildi eru lög nr. 155/2018 um landgræðslu og er markmið laganna að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Samkvæmt lögnum skal stefnt m.a. að því að nýting lands taki mið af ástandi þess og stuðli að viðgangi og virkni vistkerfa, stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs, komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka þekkingu á mikilvægi jarðvegs og gróðurs og sjálfbærrar nýtingar lands og að fram fari reglubundin vöktun á gróðurlendi, jarðvegi. Þá er stefnt að endurheimt og uppbyggingu vistkerfa á landi.

Í 5. gr. segir að ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landgræðslan. Hlutverk stofnunarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og annast daglega stjórnýslu á því sviði sem lögin ná til. Önnur helstu verkefni Landgræðslunnar eru að leiðbeina um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu lands, að vinna að og hvetja til þátttöku í landgræðslu, að vinna að þróun landgræðslu, m.a. með því að stunda rannsóknir og þróunarstarf, að afla upplýsinga um landnýtingu og ástand lands og miðla þeim, að hafa yfirsýn yfir og eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í landgræðslu í landinu og að hafa umsjón með landgræðslusvæðum.

Matvælastofnun starfar skv. lögum nr. 30/2018 og skal í störfum sínum stuðla að neytendavernd, heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Þá er rétt að benda á að stjórnýsla búvörumála var færð frá Matvælastofnun til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (nú Matvælaráðuneytisins) með lögum nr. 84/2019 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um stjórnýslu búvörumála (flutningur málefna búnaðarstofu). Matvælastofnun hefur því ekki lengur aðkomu að þeim styrkjum sem kveðið er á um í lögum til bænda.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun ekki rétt að stofnuninni sé falið að hafa eftirlit með grænum hvötum til bænda sem snúa að tækifærum þeirra til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis. Slík þekking er ekki til staðar hjá stofnuninni og aðrir aðilar eru betur til þess fallnir til að sinna slíku eftirliti.

Virðingarfyllt,  
f.h. Matvælastofnunar

Viktor S. Pálsson.

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis, nefndasvið  
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 31. mars 2023

## Efni: Tillaga til þingsályktunar um græna hvata fyrir bændur (Þingskjal 71)

Skógræktin starfar á grundvelli laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt. Markmið þeirra laga er m.a. að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum. Enn fremur að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvára<sup>1</sup>. Þau markmið laganna eru ítrekuð í *Land og líf - landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031* og *Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026*<sup>2</sup> sem kynnt voru af matvælaráðherra þann 30. janúar s.l.

Í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu er lagt til að skipa starfshóp um bætt tækifæri bænda til að græða viðkvæm og illa farin vistkerfi, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis. Þannig yrðu skapaðir grænir hvatar fyrir bændur til að auka uppgræðslu og draga úr kjötframleiðslu og annarri framleiðslu dýraafurða. Tillagan gerir ráð fyrir að fulltrúar starfshópsins skipi *fulltrúar bænda*, fulltrúar einnar ríkisstofnunar sem ber stjórnábyrgð á endurheimt votlendis (Landgræðslunnar) og fulltrúar tveggja félagasamtaka á sviði náttúruverndar (Náttúruverndarsamtaka Íslands og Landverndar) sem lítil tengsl hafa til þessa haft við bændur eða skipulagsheildir þeirra. Ekki er tilgreint hvort Bændasamtök Íslands eða einstök búgreinasamtök innan þeirra vébanda skuli fá tækifæri til að tilnefnda fulltrúa bændanna í starfshópnum. Í þingsályktunartillögunni er lagt til, að *Matvælastofnun (MAST)* annist eftirlit með framkvæmdinn og tryggi með því að fjármagni til aðgerða nýtist sem best, án þess að fyrir liggja hvort sú stofnun búi yfir þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að taka að sér það eftirlitshlutverk.

Skógræktin fagnar þeim hug sem býr að baki tillögunni um að móta hvatakerfi til bindingar kolefnis og minni losun af búrekstri og landnýtingu. Slíka efnahagslega hvata hefur lengi vantað, enda þurfa landeigendur líkt og annað fólk í landinu fjárhagslega hvatningu til þess að ráðast í breytingar á búrekstri sínum, til þess að ráðstafa landi sínu í aðra landnýtingu en verið hefur eða að leggja í kostnað eða verða af tekjum til þess að draga úr kolefnisfótspori sínu. En af greinargerðinni við tillöguna mætti ætla, að tölur um losun og ávinning af aðgerðum til þess að draga úr þeirri losun hafi þegar verið metnar og verið staðfestar. Því fer víðs fjarri. Um losun vegna framræslu votlendis eða losun frá því lítt gróna eða ógróna og illa farna þurrlandi sem nú þekur

<sup>1</sup> Sjá nánar: <https://www.althingi.is/lagas/153a/2019033.html>

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2023/01/30/Land-og-lif/>

meginþorrann af flatarmáli Íslands liggja fyrir fá áreiðanleg gögn<sup>3</sup>. Því gæti orðið vandasamt að hanna hvatakerfi sem miðar að „kolefnisjöfnun lands“ (*No-debit rule*) fyrir árið 2030, skv. reglugerð Evrópusambandsins<sup>4</sup> þar að lútandi, nema að verulega verði fyllt í allstór þekkingargöt á allra næstu árum. Hvatakerfi fyrir bændur og aðra landeigendur - án áreiðanlegra upplýsinga um stöðu losunar frá landi og (eða) mælanlegra áhrifa aðgerða - er ólíkleg ein og sér til þess að skila þeim árangri sem að er stefnt.

Í skýrslu sem VSÓ Ráðgjöf vann fyrir Loftslagsráð í árslok 2021<sup>5</sup> er rækilega gerð grein fyrir þeim götum í þekkingu sem við blasa, hvað varðar losun frá landi og landnýtingu. Þar er einnig bent á, að best sé staða þekkingar um loftslagsávinning aðgerða þegar kemur að skógrækt.

*Fyrirséðar eru töluverðar breytingar á losunarbókhalði í tengslum við innleiðingu á nýju regluverki í kjölfar Parísarsamningsins og Evrópulöggjafar sem tengist samningnum. Krafa sem sett er fram er einföld; fyrst og fremst skal vera minnkuð losun og því næst aukin binding vegna aðgerða á nýjalandi svo sem skógræktar, landgræðslu, framræslu og endurheimt votlendis.*

*Breyting á bókhaldsreglum um losun verða á þann hátt að þær byggjast á heildstæðu mati á losun og bindingu tiltekinna landnotkunarflokka. Þetta mun hafa talsverð áhrif á losunarbókhalð Íslands þar sem mun nákvæmari gögn verða notuð um losun hérlendis en áður hefur verið. Reikna má með að það taki nokkur ár að útbúa slík gögn. Að auki verður kortlagning landflokka endurskoðuð og færsla landsvæða á milli flokka getur haft áhrif á mat á heildarlosun frá landinu.*

*Á næstu árum er fyrirhugað að vinna rannsóknir sem bæta þekkingu á losun frá landi og mæta auknum kröfum um nákvæmni gagna í losunarbókhalði. Forgangsraða þarf rannsóknum og vöktun þannig að áhersla sé á flokka sem eru stórir í losunarbókhalðinu. Leggja þarf áherslu á að rannsaka landnotkunarflokka sem eru umfangsmiklir á Íslandi en skortir betri þekkingu á, einkum votlendi og graslendi. **Mest liggur fyrir um kolefnisbúskap í landnotkunarflokknum skóglendi.***

---

<sup>3</sup> Þóroddur Sveinsson, Teitur Sævarsson, María Svavarsdóttir, Bergrún Arna Óladóttir, Þorbjörg Helga Sigurðardóttir, Eiríkur Loftsson, Þórarinn Leifsson. 2022. Langtímatap kolefnis í framræstu ræktarlandi

[https://www.lbhi.is/images/pdf/rit\\_lbhi\\_nr\\_149.pdf](https://www.lbhi.is/images/pdf/rit_lbhi_nr_149.pdf)

<sup>4</sup> *Fit for 55: reaching climate goals in the land use and forestry sectors*

<https://www.consilium.europa.eu/en/infographics/fit-for-55-lulucf-land-use-land-use-change-and-forestry/>

<sup>5</sup>

<https://www.loftslagsrad.is/library/Greinargerdir/Losun%20fr%C3%A1%20landi%20samantekt%20ranns%C3%B3kna%20desember%202021.pdf>

Skógræktin er jákvæð gagnvart meginefni þingsályktunartillögunnar, en gerir þann fyrirvara við tillöguna, að „grænir hvatar til bænda“ haldist í hendur við markvissar aðgerðir stjórnvalda til þess að fá haldbetri upplýsingar (magnbundnar tölur) um losun frá landi og áhrif aðgerða til þess að minnka losun frá landi (enn fremur magnbundnar tölur).

Skógræktin gerir enn fremur þá athugasemd við tillöguna, að Skógræktinni verði bætt við starfshópin og að Umhverfisstofnun (Ust) annist eftirlit með framkvæmdinni í stað MAST, enda starfar á Ust teymi loftslagsbókhalds innan sviðs loftslags og hringrásarhagkerfis.

Virðingarfyllt,  
F.h. Skógræktarinnar,



Aðalsteinn Sigurgeirsson,  
fagmálastjóri Skógræktarinnar